

**Nd.**

**678. Breytingarfillögur**

við frv. til laga um breyting á yfirsetukvennalögum, nr. 14, 22. okt. 1912.

Frá Gísla Sveinssyni, Stefáni Stefánssyni, Einari Árnasyni,  
Hákoni J. Kristóferssyni, Sigurði Sigurðssyni og Þorleifi Jónssyni.

Við 1. gr.

a. Fyrsta málsgrein orðist svo:

Laun yfirsetukvenna skulu goldin að tveim þriðju úr sýslu-  
sjóði, en að einum þriðja úr ríkissjóði, og fer greiðsla þeirra fram  
einu sinni á ári, á manntalsþingum.

Í kaupstaðaumdæmum greiðast öll launin úr bæjarsjóði, og  
gjaldast mánaðarlega.

b. Í þriðju málsgr. verða »250«:

150.

c. Í fjórðu málsgr. verða »250«:

150,

og fyrir »1000« kemur:

800.

d. Fyrir »1000« i fimtu málsgr. komi:

800.

e. Fyrir »50« og »100« i sjöttu málsgr. komi:

25 og 75.